

Ágúst Hálfðánsón  
Heiðarhvammur  
271, Mosfellsbær

Reykjavík, 20. september 2019  
UST201909-164/H.H.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Sporðamælingar á Torfajökli**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ágústs Hálfðánsónar, dagsett 15. september 2019, um leyfi fyrir utanvegaraksturs á Torfajökulssvæðinu, innan friðlands að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða sporðamælingar á jöklum á vegum Jöklarannsóknarfélag Íslands, fylgst hefur verið með Torfajökli síðan 2006. Sex manns munu koma að rannsókninni sem mun taka einn dag og fara fram í viku 39 – 41 árið 2019 en það er háð veðri. Sótt er um leyfi til að aka inn í Þrengsli Jökulgils. Ekið verður eftir eyrum jökulgilskvíslar rétt inn fyrir þrengsli og gengið þaðan á Torfajökul. Öll ummerki ættu að hverfa jafnóðum að sögn umsækjanda.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni hafa jákvæð áhrif að því leiti að safnað verður upplýsingum um breytingar á náttúrufari innan friðlandsins. Ekki er talið að rannsóknin muni hafa varanleg neikvæð áhrif á náttúru svæðsins ef farið er eftir skilyrðum.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ágústi Hálfðánsyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknar á Torfajökli innan friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan vikuna 39 – 41 árið 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en sá er leyfið nær til er bannaður.
- Fylgja skal vegslóða í Jökulgili sem er til staðar eftir smöðun á svæðinu.
- Tryggja skal að aðrir gestir fylgi ekki á eftir þegar ekið er inn í jökulgil og leyfi sé fyrir hendi, með að vera á merktum bíl eða merktir þeirri stofnun sem unnið er fyrir.
- Ökumanni er skylt að gæta sérstakar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum, sbr. 6 mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í vatn eða jarðveg.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg öðrum gestum og afmá ummerki um hana að sýnatöku lokinni.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur



Hákon Ásgeirsson  
teymisstjóri